



Samtök um Kynheilbrigði

Ársskýrsla 2023-2024

Stjórn

Formaður

Sóley S. Bender, PhD

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir, MS

Ritari

Anna Eir Guðfínnudóttir, MS

Meðstjórnendur:

Helga Sigfúsdóttir, MS

Katrín Hilmarsdóttir, MS

Starfsemi stjórnar

Aðalfundur samtakanna fór fram mánudaginn 27. apríl. Allir í stjórn nema Yvonne Kristín gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu. Nýr stjórnarmeðlimur var Katrín Hilmarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og lýðheilsufræðingur. Ákveðið var á fyrsta stjórnarfundum að Sóley yrði formaður, Arna yrði áfram gjaldkeri, Anna Eir ritari, Helga og Katrín yrðu meðstjórnendur. Stjórnin hélt 10 fundum á starfsárinu.

Verkefni stjórnar á síðasta starfsári voru eftirfarandi:

- **Heimasíðan**

- Hýsing heimasíðunnar. Ákveðið var að velja hýsing.is.
- Logo. Gengið var frá nýju merki samtakanna og það sett á heimasíðuna. Hönnuður merkisins er Arnheiður Ófeigsdóttir, arkitekt.
- Fengum aðstoð frá Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur við frágang á efni á heimasíðuna. Að öðru leyti hefur Helga Sigfúsdóttir séð um að setja efni á heimasíðuna.
- Markhópar heimasíðunnar. Mikið rætt um hönnun heimasíðunnar, að hún veiti ungu fólki upplýsingar um kynheilbrigðismál en einnig að fagfólk geti sótt þangað upplýsingar.
- Flokkun fræðsluefnis. Ákveðið að hafa heimasíðuna með átta meginfræðsluþáttum, þ.e. um kynverund, kynlífsánægju, kynhegðun, kynlífsrétt, kynheilbrigðisþjónustu, kynsjúkdóma, koma í veg fyrir þungun og klár í kynlífið. Hefur fræðsluefni verið skipt niður í nokkra efnisflokkka undir þessum meginflokkum.
- Fjölpætt fræðsluefni hefur verið unnið fyrir heimasíðuna.

- Birting greinar. Haldið var uppá afmæli samtakanna í september með því að birta grein þann 14. september á heimasíðunni um frumkvöðul á sviði fjölskylduáætlunar, Margaret Sanger, hjúkrunarfræðing, en þetta var hennar afmælisdagur. Aðrar greinar voru birtar á heimasíðunni varðandi kynfræðslu.
 - Tölvupóstur. Ákveðið var að fara í gegnum hýsing.is til að hafa tölvupóst fyrir samtökin. Var það komið í október.
 - Handbók. Í janúar var sett inn ný handbók fyrir kennara í framhaldsskólum sem nefnist „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“.
 - Efni sem á eftir að setja inn: Eftir er að setja inn handbók fyrir unga menn sem nefnist Ertu klar í kynlífið? Einnig á eftir að setja inn teikningar á forsíðuna eftir Glódísi Garðarsdóttur.
 - Fréttir. Fréttir varðandi kynheilbrigðismál hafa jafnóðum verið settar inn á heimasíðuna.
- **Samfélagsumræða um kynfræðslu**
Töluverð umræða var í samfélaginu um kynfræðsluefnið „Kynlíf og allt hitt“ sem gefið var út á vegum Menntamálastofnunar og ætlað er börnum í grunnskóla. Anna Eir Guðfinnudóttir, Arna Garðarsdóttir og Helga Sigfúsdóttir sendu grein á Vísi þann 18. september sem fjallaði um kynfræðslu og nefndist hún „Skaðleg kynfræðsla?“. Önnur grein eftir Sóleyju S. Bender sem nefndist „Hugleiðingar um kynfræðslu“ var birt í Morgunblaðinu 28. september.
 - **Réttindamál**
Stjórn samtakanna sendi þann 22. nóvember umsögn í samráðsgátt Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna og lögum um ófrjósemisaðgerðir (greiðslupáttaka hins opinbera). Þar var gerð grein fyrir mikilvægi þess að þeir sem kjósi að fara í ófrjósemisaðgerð geti áfram farið í þá aðgerð án kostnaðar.
 - **Vinna við frágang kynfræðslunámsefnisins**
 - Formaður kynnti reglulega fyrir stjórninni framvindu verksins.
 - Farið var yfir helstu vafaatriði með stjórninni varðandi íslenskuyfirlestur efnisins.
 - Unnið var með teiknararum Ara H.G. Yates varðandi myndskreytingu hvernar kennslustundar og fyrir forsíðu efnisins.
 - Töluverð vinna var með umbrotsmanni Helga Hilmarssyni að frágangi efnisins. Stýrihópur kynfræðsluefnisins kom að yfirllestri handritsins.

- **Kynning á kynfræðsluefninu „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“**

- Verulegur undirbúningur átti sér stað varðandi kynningu á nýja kynfræðsluefninu. Hönnuð var dagskrá, auglýsing, kynning á efninu, boðsbréf og hvert skyldi senda fundarboð, o.fl.. Einnig hvernig skyldi standa að upplýsingum til fjölmiðla.
- Haldinn var kynningarfundur á nýja námsefninu í Hinu húsinu 31. janúar. Þennan dag var spáð mjög vondu veðri í Reykjavík. Á fundinn mættu 13 einstaklingar en líklega um 15 tóku þátt rafrænt.
- Á þennan fund voru skólastjórnendur og kennarar sem kenna kynfræðslu í framhaldsskólum boðaðir ásamt skólahjúkrunarfræðingum í framhaldsskólum. Jafnframt öllum þeim sem komu að gerð námsefnisins á ýmsum stigum auk annarra boðsgesta.
- Haldin voru þrjú erindi. Sóley S. Bender fjallaði um nýja kynfræðsluefnið. Helga Sigfúsdóttir fjallaði um rannsókn á kynfræðslu sem hún gerði 2022 í framhaldsskólum. Anna Eir Guðfinnudóttir fjallaði um reynslu hennar af því að kenna kynfræðslu í framhaldsskóla.
- Góðar umræður voru um efnið í kjölfar kynninga.
- Fjölmiðlar gerðu efninu góð skil.



Mynd. Þátttakendur á kynningunni 31. janúar í Hinu húsinu

- **Í kjölfar kynningar á kynfræðsluefninu**
 - Borist hefur beiðni til samtakanna að fá prentað eintak af nýja kynfræðsluefninu. Verið er að skoða möguleika á því að óska eftir prentuðu eintaki í gegnum heimasíðuna.
 - Umsóknir um aðild. Á nýrri heimasíðu er hægt að sækja um aðild að samtökunum. Nýlega hafa tvær umsóknir borist samtökunum.
 - Umræða um námsefnið. Samtökunum bárust ábendingar frá Embætti landlæknis (EL) að nýja kynfræðsluefnið væri að normalisera klám. Stjórnin fékk Jenný Ingudóttir frá EL á fund samtakanna í mars þar sem málin voru rædd. Ólíkar skoðanir eru um áherslur. Þegar búið verður að prufukeyra námsefnið þá mun vafalítið þurfa að endurbæta það að einhverju leyti. Allar þær kennslustundir sem verða kenndar munu verða skoðaðar m.t.t. endurbóta.
- **Styrkir**
 - Send var greinargerð til heilbrigðisráðuneytisins í september varðandi styrk til samtakanna. Fengum greiddan seinni hluta styrksins.
 - Sótt var um sérstakan samfélagsstyrk frá Landsbankanum til að halda námskeið um nýja kynfræðsluefnið. Samtökin fengu ekki styrk að þessu sinni.
 - Thorvaldsensfélagið er tilbúið að styrkja samtökin til að prenta út handbókina um nýja kynfræðsluefnið og dreifa henni til kennara þegar haldið verður námskeið fyrir þá vorið 2025.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Sóley S. Bender, formaður